



Stöðuskýrsla um framfylgd þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Staða þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Desember 2022

www.frn.is

frn@frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2022 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN 978-9935-513-18-2

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
1.1 Forsaga.....	5
1.2 Sérstakt aðgerðateymi gegn ofbeldi	6
2. Staða aðgerða	7
2.1 Nánar um stöðu aðgerða.....	9
A1 Fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfi.....	9
A2 Þekking á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði eflð og hann verði grundvöllur í starfi með börnum	11
A3 Gæðakröfur og vottun um fyrirmyndarstarf í íþrótta- og æskulýðsstarfi	12
A4 Fagráð eineltismála fyrir öll skólastig og íþrótta- og æskulýðsstarf.....	13
A5 Fræðsluefni um ofbeldi fyrir leikskólabörn	14
A6 Kennsla um kynheilbrigði og kynhegðun verði eflð í grunn- og framhaldsskólum	14
A7 Samræmd heilsuvernd skólabarna á landsvísu	15
A8 Vitundarvakning í samfélaginu gegn haturstali	16
A9 Vitundarvakning um einelti og ofbeldi á vinnustöðum.....	17
A10 Fræðsla um úrræði fyrir þolendur ofbeldis um allt land	19
A11 Stofnun miðstöðvar um ofbeldi gegn börnum.....	19
B1 Stuðlað að menntun um ofbeldismál fyrir þá sem starfa innan réttarvörslukerfisins.....	20
B2 Lagaákvæði og reglur um þagnarskyldu hindri ekki framvindu mála.....	21
B3 Heimildir stofnana og félagasamtaka til að afla upplýsinga úr sakaskrá ríkisins.....	22
B4 Uppbyggileg réttvísi í sakamálum.....	22
B5 Bætt áverkaskráning í Slysaskrá Íslands.....	23
C1 Starfsemi Bjarkarhlíðar – þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis fest í sessi.....	24
C2 Upplýsingavefur um ofbeldi	24

C3 Stuðningur við þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi	25
C4 Viðbragðsteymi um sérhæfða ráðgjöf til þolenda ofbeldis á landsbyggðinni	25
C5 Tímabundið leyfi frá störfum í kjölfar ofbeldis.....	26
C6 Stuðningur við svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi	27
C7 Fjölbreyttari meðferðarúrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum.....	27
C8 Hagsmunagæsla aldraðra þegar grunur er um að þeir séu beittir ofbeldi.....	28
C9 Mat á þörf fyrir kvennaathvörf á landsbyggðinni	29
C10 Samræmd velferðarþjónusta fyrir þolendur mansals fest í sessi.....	29
C11 Leiðbeinandi reglur um velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals.....	29
C12 Árlegur landssamráðsfundur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.....	30
C13 Eftirfylgni með aðgerðaáætlun þessari.....	32
C14 Endurskoðun aðgerðaáætlunar þessarar	32
3. Næstu skref.....	34

1. Inngangur

Þann 7. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þingsályktunartillagan var lögð fram af þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra en að henni stóðu, auk félagsmálaráðuneytisins, ráðuneyti dómsmála, heilbrigðismála og mennta- og menningarmála.

Aðgerðaáætlunin tekur til ofbeldis í margþættri mynd, þar með talið líkamlegt, kynferðislegt, andlegt og ekki síst kynbundið ofbeldi. Hún byggist á þremur meginþáttum: *Vakningu*, sem felur í sér forvarnir og fræðslu; *viðbrögðum*, sem eru verklag og málsmeðferð, og *valdeflingu*, sem er styrking í kjölfar ofbeldis. Áætlunin tekur einnig mið af þeirri vakningu sem orðið hefur í allri umræðu um ofbeldismál, einkum í kjölfar #metoo-byltingarinnar.

1.1 Forsaga

Í desember 2014 undirrituðu Eygló Harðardóttir, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Ólöf Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, og Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, samstarfsyfirlýsingu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Með yfirlýsingunni staðfestu ráðherrarnir vilja sinn til að vinna saman gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og niðurbrjótandi áhrifum þess sem og vilja til að auka fræðslu og forvarnarstarf, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála.

Ráðherrarnir voru sammála um að efna til samráðs bæði á landsvísu og innan svæða milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds. Athyglinni yrði einkum beint að ofbeldi gegn börnum, ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi, og ofbeldi gagnvart fótluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Markmiðið var ekki síst að bæta verklag við fyrirbyggjandi aðgerðir og rannsóknir ofbeldismála. Yfirlýsingin tók einnig til hatursorðræðu. Þá átti að stofna stýrihóp sem hefði umsjón með samstarfinu og skyldi hann einnig vinna áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi. Stýrihópur var skipaður sumarið 2015 með tveimur fulltrúum frá hverju ráðuneytanna þriggja undir forystu velferðarráðuneytisins.

Efnt var til landssamráðsfundar í þeim tilgangi að kynna samstarfsyfirlýsingu og verkefnið framundan fyrir stofnunum og félagasamtökum sem yrðu kölluð til vegna vinnu við aðgerðaáætlunina. Þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra og menntamálaráðherra, ásamt aðstoðarmanni innanríkisráðherra, fluttu ávörp og tóku þátt í pallborðsumræðum þar sem rætt var um mikilvægi þess að ná fram heildaryfirsýn yfir sviðið og að sett yrði fram skýr stefna um það hvernig samfélagið ætlaði að sameinast gegn ofbeldi. Félags- og húsnæðismálaráðherra lagði til að haldinn yrði fundur með þjóðfundarformi þar sem gestir fundarins, ásamt fleiri hlutaðeigandi aðilum, kæmu saman og legðu grunn að fyrirhugaðri aðgerðaáætlun gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Sá fundur var haldinn í lðnó 28. janúar 2016.

Í kjölfar alþingiskosninga á haustmánuðum 2016 skapaðist nokkur óvissa um framtíð verkefnisins. Þegar ný ríkisstjórn hafði verið mynduð lýsti stýrihópurinn sig reiðubúinn til þess að halda starfinu áfram. Þáverandi ráðherrar voru sammála um mikilvægi verkefnisins og 24. mars 2017 undirrituðu Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra og Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, endurnýjaða samstarfsyfirlýsingu og staðfestu þar með framhald verkefnisins.

Aftur var kosið til Alþingis haustið 2017 og ný ríkisstjórn mynduð 30. nóvember 2017. Ráðherrarnir Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Sigríður Andersen dómsmálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra gripu boltann og sammæltust um að leggja þingsályktunartillöguna fram en að félags- og jafnréttismálaráðherra gerði það í sínu nafni.

Í samstarfsyfirlýsingunni var kveðið á um að komið yrði á svæðisbundnu samstarfi milli lykilaðila á hverju landsvæði, þ.m.t. félagsþjónustu, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvalda, lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skólastjórnenda. Stýrihópurinn skipti landinu í níu svæði: Suðurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Austurland, Vestfirði, Vesturland, Suðurnes, Vestmannaeyjar og höfuðborgarsvæðið. Hópurinn hélt fundi á sjö landsvæðum með það að markmiði að leggja grunn að svæðisbundnu samstarfi um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Fundirnir voru vel sóttir og ævinlega með þátttöku framangreindra aðila. Samtalið skilaði góðum árangri þó umræðuefni væru eitthvað ólík á milli svæða en alls staðar kom fram mikill áhugi og vilji meðal heimamanna til að efla samstarf á þessu sviði. Skiptingin í framangreind níu landsvæði var kynnt og rædd á fundum stýrihópsins á hverju svæði og alls staðar var tekið undir að þessi skipting gæti reynst vel til svæðisbundins samstarfs og samvinnu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

1.2 Sérstakt aðgerðateymi gegn ofbeldi

Í upphafi heimsfaraldurs árið 2020 ákváðu stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Þáverandi ráðherrar dóms- og félagsmála skipuðu sérstakt aðgerðateymi til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi. Aðgerðateyminu var m.a. falið að fylgja eftir almennum aðgerðum er lúta að fræðslu, þjónustu og stuðningi vegna ofbeldis í samræmi við tillögur í *þingsályktun um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019–2022* og jafnframt *þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025*.

Á fjárákalogum nr. 36/2020 var því ákveðið að ráðstafa 215 m.kr. í aðgerðir gegn ofbeldi í kjölfar kórónuveirufaraldurs, þar af 145 m.kr. í almennar aðgerðir og 70 m.kr. í aðgerðir vegna ofbeldis gegn börnum. Félagsmálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, veitti auk þess 30 m.kr. til verkefna vegna barna í viðkvæmri stöðu og til að vinna gegn stafrænu kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Auk þess hafa hinir ýmsu samstarfsaðilar komið með mótframlög inn í einstakar aðgerðir.

2. Staða aðgerða

Langflestar aðgerðanna eru nú komnar til framkvæmda en hlutaðeigandi ráðuneyti bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar eftir því sem við á. Af 30 aðgerðum er 18 lokið, 11 eru í vinnslu eða lokið að hluta, og ein er í undirbúningi.

Aðgerðum telst lokið séu þær komnar í farveg og ekki talin þörf á frekari eftirfylgd við undirbúning og framkvæmd að hálfu ráðuneytisins. Þingsályktunin var ekki fjármögnuð sérstaklega með auknum fjárheimildum frá Alþingi og hafa ráðuneytin þar af leiðandi þurft að forgangsraða verkefnum innan ramma fjárheimilda sinna. Þess ber að geta að það fjármagn sem fylgdi störfum og aðgerðum á vegum ofangreinds aðgerðateymis gegn ofbeldi hafði mikil og jákvæð áhrif á framgang aðgerðaáætlunarinnar.

Sjá [töflu 1](#) á næstu blaðsíðu fyrir yfirlit um stöðu aðgerða.

A. Vakning - fræðsla og forvarnir	Staða
A.1. Fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi	Í vinnslu
A.2. Þekking á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði eflað og hann verði grundvöllur í starfi með börnum.	Lokið
A.3. Gæðakröfur og vottun um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi.	Í vinnslu
A.4. Fagráð eineltismála fyrir öll skólastig og íþrótt- og æskulýðsstarf.	Lokið
A.5. Fræðsluefni um ofbeldi fyrir leikskólabörn. <i>Aðgerðin er unnin í samhengi við aðgerð A.1.</i>	Í vinnslu
A.6. Kennsla um kynheilbrigði og kynhegðun verði eflað í grunn- og framhaldsskólum.	Í vinnslu
A.7. Samræmd heilsuvernd skólabarna á landsvísu.	Lokið
A.8. Vitundarvakning í samfélaginu gegn haturstali.	Lokið að hluta
A.9. Vitundarvakning um einelti og ofbeldi á vinnustöðum.	Lokið
A.10. Fræðsla um úrræði fyrir þolendur ofbeldis um allt land.	Lokið
A.11. Stofnun miðstöðvar um ofbeldi gegn börnum.	Lokið
B. Viðbrögð - verklag og málsmeðferð	
B.1. Stuðlað að menntun um ofbeldismál fyrir þá sem starfa innan réttarvörslukerfisins.	Lokið
B.2. Lagaákvæði og reglur um þagnarskyldu hindri ekki framvindu mála.	Lokið
B.3. Heimildir stofnana og félagasamtaka til að afla upplýsinga úr sakaskrá ríkisins.	Lokið
B.4. Uppbyggileg réttvísi í sakamálum.	Lokið
B.5. Bætt áverkaskráning í Slysaskrá Íslands.	Í vinnslu
C. Valdefling - samstarf og samhæfing	
C.1. Starfsemi Bjarkarhlíðar – þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis fest í sessi.	Lokið
C.2. Upplýsingavefur um ofbeldi.	Lokið
C.3. Stuðningur við þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi.	Lokið
C.4. Viðbragðsteymi um sérhæfða ráðgjöf til þolenda ofbeldis á landsbyggðinni.	Í vinnslu
C.5. Tímabundið leyfi frá störfum í kjölfar ofbeldis.	Í vinnslu
C.6. Stuðningur við svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi.	Lokið
C.7. Fjölbreyttari meðferðarúrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum.	Lokið
C.8. Hagsmunagæsla aldraðra þegar grunur er um að þeir séu beittir ofbeldi.	Lokið
C.9. Mat á þörf fyrir kvænnaathvörf á landsbyggðinni.	Lokið
C.10. Samræmd velferðarþjónusta fyrir þolendur mansals fest í sessi.	Í vinnslu
C.11. Leiðbeinandi reglur um velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals.	Í undirbúningi
C.12. Árlegur landssamráðsfundur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.	Lokið
C.13. Eftirfylgni með aðgerðaáætlun þessari.	Í vinnslu
C.14. Endurskoðun aðgerðaáætlunar þessarar.	Í vinnslu

2.1 Nánar um stöðu aðgerða

A1 Fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþróttá- og æskulýðsstarfi

Fræðslu um ofbeldi og viðbrögð við því verði komið á og viðhaldið reglulega meðal þeirra sem vinna með börnum og ungmennum. Samstarfsaðilar tryggja að allt starfsfólk á þessum vettvangi sé upplýst um mikilvægi forvarnastarfs, helstu birtingarmyndir ofbeldis og tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Markmið: Að þeir sem vinna með börnum og ungmennum þekki helstu birtingarmyndir ofbeldis og bregðist fyrir við og á réttan hátt þegar grunur er um ofbeldi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Menntamálastofnun, Barnaverndarstofa, embætti landlæknis, umboðsmaður barna, sveitarfélög, fagstéttir og stéttarfélög í skólum og í íþróttá- og æskulýðsstarfi, frjáls félagasamtök, Jafnréttisstofa og háskólasamfélagið.

Mælikvarði: Reglubundin fræðsla verði komin á í árslok 2021.

Staða:

a. Fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skólum

Gert hefur verið samkomulag um nýtingar- og þýðingarheimild á stafrænu fræðslu- og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem þróað hefur verið af norsku menntamálastofnuninni í samráði við barna-, æskulýðs- og fjölskyldustofnun Noregs og þarlent embætti landlæknis, www.jegvet.no/. Unnið er að þýðingu og talsetningu á vefnum sem verður aðgengilegur á vef Menntamálastofnunar. Efnið kemur til móts við þörf á fræðslu um ofbeldi í víðum skilningi og miðlun hennar.

Í október 2021 var opnaður safnvefur stoppofbeldi.namsefni.is/ með yfirliti yfir allt náms- og fræðsluefni. Um er að ræða vefsvæði með hugmyndum að fræðsluefni fyrir börn, foreldra og starfsfólk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar verða verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsfólks skóla gerðar aðgengilegar með betri hætti en verið hefur. Einnig verða þar slóðir inn á verklag sem þróað hefur verið í nokkrum sveitarfélögum vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna, fyrir önnur sveitarfélög og skóla að nýta sér.

Handbók um ofbeldi gegn börnum hefur verið uppfærð og endurskoðuð í Menntamálastofnun. Skrifaðir voru nýir kaflar m.a. um stafrænt ofbeldi og áreiti, unnin ný forsiða o.fl.

Sérfræðingar vinna að því að uppfæra og semja nýtt fræðsluefni fyrir framhaldsskólastigið og er því ritstýrt í Menntamálastofnun.

Verið er að þýða skoskan bækling fyrir starfsfólk skóla í samvinnu Menntamálastofnunar og Reykjavíkurborgar um viðbrögð og forvarnir sem tengjast skaðlegu kynferðislegu atferli. Í bæklingnum verða viðmiðunarreglur og greinandi tæki.

Í samvinnu við Eitt líf og landlæknisembættið er Menntamálastofnun að gefa út tvær bækur. Annars vegar frumsamið efni fyrir nemendur sem tekur á ýmsum þáttum, svo sem sjálfsmynd, neyslu, áhættuhegðun

o.s.frv. Í samvinnu við sömu aðila er unnið að þýðingu á bandarísku gagnreyndu kennsluefni í geðrækt fyrir elsta stig grunnskóla.

Ég og sjálfsmyndin er bók fyrir efra miðstig grunnskóla sem kemur út hjá Menntamálastofnun innan tíðar. Þar er kafli sem tekur á kynfræðslu og heilbrigði.

Þá er Menntamálastofnun að endurgera og endurskoða efnið Kynlíf – stelpur og Kynlíf – strákar sem var gefið út í tímaritsformi.

Bréf dags. 28. september 2021 var sent til skóla frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem áréttuð er tilkynningarskylda starfsfólks skóla á grundvelli barnaverndarlaga og vakin athygli á gildandi verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik- og grunnskóla. Einnig var vakin athygli á skyldu skóla til að hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um það hvernig þeir bregðast við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun og minnt á rafræna handbók fyrir starfsfólk skóla um ofbeldi gegn börnum og hlutverk skóla en bókin, sem gefin var út 2014, verður uppfærð.

b. Fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í íþrótt- og æskulýðsstarfi

Starf samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs var stofnað með lögum nr. 45/2019. Markmið laganna er að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf. Hlutverk samskiptaráðgjafa er m.a. að bæta umgjörð samtaka og félaga, aðstoða við gerð viðbragðsáætlana, samræma verkferla og veita ráðgjöf. Nú þegar er ýmis fræðsla fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög um ofbeldi og verkefni samskiptaráðgjafans er m.a. að samræma fræðslu á vettvangi til þess að efla gæði starfsins og að tryggja enn frekar öryggi iðkenda og er sú vinna hafin í samstarfi við ráðuneytið.

Fræðsla um þessi málefni hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) er margþætt. ÍSí stendur fyrir hádegisfundum, málstofum og ráðstefnum þar sem sérfræðingar á þessum sviðum hafa verið með erindi. Viðburðirnir eru teknir upp og þeir gerðir aðgengilegir á Vimeo-síðu ÍSí. ÍSí hefur gefið út bæklinga um eineltismál, forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og áreiti og þá hefur ÍSí yfirfarið og einfaldað siðareglur sínar og hegðunarviðmið. Allri íþróttahreyfingunni stendur til boða að nýta sér þessa vinnu og gera siðareglurnar og hegðunarviðmiðin að sínum. Þá sér ÍSí um almenna hluta þjálfaramenntunar fyrir íþróttahreyfinguna þar sem strax á fyrsta stigi (sem flestir fara í gegnum) er farið yfir þessa málaflokka. Í fyrirmyndarfélags- og fyrirmyndarhéraðsverkefnunum þurfa siðareglur að vera til staðar ásamt forvarnarstefnum í eineltismálum og kynferðisofbeldismálum.

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Öll verkefni Æskulýðsvettvangsins snúa að einhverjum hætti að því að auka fræðslu, forvarnir og vitundarvakningu í samfélaginu um mismunandi birtingarmyndir ofbeldis gegn börnum og ungmennum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Helstu fræðsluverkefni:

- **Námskeiðið Verndum þau.** Æskulýðsvettvangurinn gerir kröfu um að allir starfsmenn og sjálfboðaliðar innan félagasamtaka Æskulýðsvettvangsins og aðildarféлага þeirra sækji námskeiðið og geta félögin fengið námskeiðið sér að kostnaðarlausu. Á hverju ári taka nokkur hundruð einstaklingar námskeiðið.
- **Netnámskeið í barnavernd.** Í september 2019 tók Æskulýðsvettvangurinn í notkun netnámskeið í barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Markmiðið með námskeiðinu

er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbodaliða sem starfa með börnum og ungmennum í íþrótt- og æskulýðsstarfi á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir; að sporna gegn því að slíkt komi upp í íþrótt- og æskulýðsstarfi og auðvelda börnum og ungmennum að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp. Námskeiðið er ókeypis. Á rúmu ári hafa nokkur hundruð einstaklingar um land allt tekið námskeiðið. Mikil aukning hefur verið á þátttöku á síðustu mánuðum sem má meðal annars rekja til stöðunnar í samfélaginu. Unnið er að því að setja námskeiðið upp á ensku.

- **Námskeið um einelti í íþrótt- og æskulýðsstarfi.** Æskulýðsvettvangurinn stendur fyrir námskeiði um einelti í íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- **Námskeið um hatursorðræðu.** Æskulýðsvettvangurinn stendur fyrir námskeiði um hatursorðræðu í íslensku samfélagi.
- **Vitundarvakning um neteinelti.** Í nóvember 2020 fór af stað vitundarvakning um neteinelti á meðal barna og ungmenna hjá Æskulýðsvettvanginum. Hluti af vitundarvakningunni er ný fræðslu- og forvarnarsíða samtakanna með mikilvægum upplýsingum um neteinelti.

A2 Þekking á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði eflað og hann verði grundvöllur í starfi með börnum

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði reglulega kynntur börnum, foreldrum, starfsfólki í skólum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þar með verði hann grundvöllur í öllu starfi með börnum. Réttindaskóli Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), sem byggist á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, verði innleiddur í sem flesta skóla og sveitarfélög. Árlega verði 20. nóvember helgaður mannréttindum barna.

Markmið: Að auka og viðhalda þekkingu á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna meðal barna, foreldra og þeirra sem vinna með börnum og að börn og ungmenni fái sterkari rödd í samfélaginu.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, sveitarfélög, Menntamálastofnun, umboðsmaður barna, UNICEF, embætti landlæknis (heilsueflandi skólar), frjáls félagasamtök, ungmennaráð, Jafnréttisstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga og háskólasamfélagið.

Mælikvarði: Þekking á barnasáttmálanum verði könnuð meðal barna, foreldra og þeirra sem vinna með börnum árið 2019 og eftir það á fimm ára fresti.

Staða: Vakinn er athygli á því að árið 2021 var stefna um barnvænt Ísland samþykkt í ríkisstjórn sem fullfjármögnuð stefna með samþykki þáverandi ráðherra. Alþingi samþykkti vorið 2021 þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, nr. 28/2021 með sérstakri aðgerð um réttindaskóla á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Efling réttindaskóla er hluti af samþykktri stefnu um barnvænt Ísland sem staðfest var af Alþingi vorið 2021 og er einnig hluti aðgerða í tengslum við menntastefnu 2030. Viðræður eru í gangi um þriggja ára samning við UNICEF um eflingu starfsins á öllum skólastigum og í frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði undirritaður samhliða undirritun samnings um Barnvæn sveitarfélög vorið 2022 og gert er ráð fyrir 20 m.kr. á ári (alls 60 m.kr. á samningstímabilinu 2022–2024) vegna þessa. Þetta er hluti af stefnu um barnvænt Ísland og aðgerð 8 í fyrstu aðgerðaáætlun menntastefnu 2021–2024: Raddir unga fólksins – virkt nemendalýðræði á öllum skólastigum.

UNICEF á Íslandi hóf árið 2015 undirbúning að tilraunaverkefni til að innleiða réttindaskóla UNICEF hér á landi. Ráðuneytið veitti UNICEF styrk strax árið 2016 til að styðja við innleiðingu á tilraunaverkefni um

réttindaskóla UNICEF. Í kjölfar tilraunaverkefnis hefur UNICEF á Íslandi haldið áfram að þróa verkefnið og sníða að íslenskum aðstæðum, m.a. með því að hafa frístundaheimili og félagsmiðstöðvar með í verkefninu. Ráðuneytið hefur flest árin síðan styrkt UNICEF til frekari þróunar og innleiðingar á réttindaskólaverkefninu inn í menntakerfið eða til skilgreindra verkefna við innleiðinguna. Réttindaskólaverkefnið gengur út á að skapa lýðræðislegt umhverfi sem styður við þá ferla sem þegar eru til staðar innan skóla- og frístundastarfs, sem byggjast m.a. á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólanámskrá, stefnumótun í æskulýðsmálum, skóla- og jafnréttisstefnum.

Réttindaskólaverkefnið er lykilverkefni skólakerfisins til að efla og dýpka lýðræði- og mannréttindafræðslu í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og búa börn undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Réttindaskólinn er hugmyndafræði fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja Barnasáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu, þar sem réttindaskóla-verkefnið styður við áherslur í aðalnámskrá; opinber gæðaviðmið fyrir frístundaheimili; aðgerð 8 í menntastefnu stjórnvalda, Raddir unga fólksins – virkt nemendalýðræði á öllum skólastigum og stefnu um barnvænt Ísland. UNICEF hefur annast umsýslu Réttindaskóla UNICEF hér á landi allt frá því að sett var af stað tilraunaverkefni árið 2015 sem ráðuneytið styrkti árið 2016.

A3 Gæðakröfur og vottun um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi

Settar verði gæðakröfur um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi með áherslu á jafnrétti, heilbrigð samskipti og menningu þar sem ofbeldi þrífist ekki. Lögð verði áhersla á viðtæka samvinnu og gæðakröfur endurskoðaðar í handbók Íþróttasambands Íslands um fyrirmyndarsamstarf frá árinu 2004. Kynning og innleiðing verði skipulögð í samráði við samstarfsaðila og viðeigandi fræðsla veitt ásamt eftirfylgni í samræmi við aðgerðir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kjölfar frásagna úr íþróttahreyfingunni í tengslum við #églíka/#metoo. Fundinn verði vettvangur sem votti fyrirmyndarstarfið og hafi virkt eftirlit með því.

Markmið: Að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, frjáls félagasamtök í íþrótt- og æskulýðsstarfi og önnur frjáls félagasamtök, sveitarfélög, ungmennaráð og Jafnréttisstofa.

Mælikvarði: Öll íþrótt- og æskulýðsfélög hafi fengið vottun um fyrirmyndarstarf árið 2022.

Staða: Hlutverk samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs (sbr. lög nr. 45/2019) er m.a. að bæta umgjörð samtaka og félaga, aðstoða við gerð viðbragðsáætlana, samræma verkferla og veita ráðgjöf. Nú þegar eru til staðar gæðakröfur og vottun um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafi stendur fyrir kynningarstarfi víðs vegar um land þar sem kynnt verður a) starf samskiptaráðgjafa, b) öflun viðeigandi upplýsinga úr sakaskrá og c) vinna við samræmingu viðbragðsáætlana vegna atvika og misgerða.

Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, og æskulýðslögum, nr. 70/2007, er óheimilt að ráða einstaklinga, sem hlotið hafa refsíðóm vegna ofbeldisbrota og ávana- og fíkniefnabrota á síðastliðnum fimm árum, til starfa með börnum og ungmennum. Þá er einnig óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegna kynferðisbrota (óttímabundið) til starfa með börnum og ungmennum.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur staðið fyrir gæðaverkefni fyrir íþróttafélög frá árinu 2003 og síðar íþróttahéruð frá 2015. Verkefnið gengur út á að félögin/héruðin uppfylli ákveðin skilyrði um starfsemina og eru þau skilyrði 20 talsins. Meðal annars er gerð krafa um að hjá félaginu sé:

- stefna í fræðslu- og forvarnarmálum en þar eru m.a. gerðar kröfur um stefnu er varðar einelti og kynferðislegt ofbeldi,
- stefna í jafnréttismálum og í því samhengi er gerð sú krafa frá árinu 2019 að fyrirmyndarfélag samþykki jafnréttisáætlun ÍSÍ og Jafnréttisstofu sem var unnin árið 2018 sem samstarfsverkefni í kjölfar #ég líka/#me too,
- gerð krafa um menntun íþróttaþjálfara og þar ber að nefna að í þjálfaramenntun ÍSÍ er m.a. efni um einelti og kynferðislegt ofbeldi,
- gerð krafa um samþykktar siðareglur.

Kröfur til fyrirmyndarhéraða eru að stórum hluta þær sömu eða þar sem þær eiga við.

Æskulýðsvettvangurinn, sem er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands, hefur staðið fyrir margvíslegum forvarnaverkefnum. Meðal efnis eru siðareglur og viðbragðsáætlun sem aðildarfélag starfa eftir.

A4 Fagråd eineltismála fyrir öll skólastig og íþrótta- og æskulýðsstarf

Komið verði á heildstæðu fagráði eineltismála sem veiti ráðgjöf um einelti og úrlausn einstakra flókinna eineltismála sem ekki hefur tekist að leysa innan stofnunar, félags eða sveitarfélags. Fagráðið leiðbeini um gerð eineltisáætlana fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf. Byggt verði á grunni núverandi fagráðs grunn- og framhaldsskóla sem sjái til þess að fræðsluefni um forvarnir og gagnreyndar aðferðir gegn einelti verði aðgengilegt.

Markmið: Að brugðist verði við eineltismálum á faglegan og skilvirkan hátt.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntamálastofnun, sveitarfélög, umboðsmaður barna, embætti landlæknis, skólar, frjáls félagasamtök og ungmennaráð.

Mælikvarði: Sameiginlegt fagråd fyrir öll skólastig og íþrótta- og æskulýðsstarf hafi tekið til starfa fyrir árslok 2020.

Staða: Fagråd eineltismála fyrir grunn- og framhaldsskólastig er nú þegar starfandi. Hlutverk ráðsins er að veita skólasamfélagi grunn- og framhaldsskóla almenna ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar auk þess sem hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á eineltismálum innan skóla eða sveitarfélags eða vegna meints aðgerðaleysis sömu aðila. Menntamálastofnun ber ábyrgð á starfsemi og kostnaði fagráðsins en í því sitja sérfræðingar í eineltismálum, þar á meðal samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs. Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs var stofnaður með lögum nr. 45/2019 og er markmið laganna að íþrótta- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf. Hlutverk samskiptaráðgjafa er m.a. að bæta umgjörð samtaka og félaga, aðstoða við gerð viðbragðsáætlana, samræma verkferla og veita ráðgjöf. Nú þegar er ýmis fræðsla fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög um ofbeldi.

Verkefni samskiptaráðgjafans er m.a. að samræma fræðslu á vettvangi til þess að efla gæði starfsins og að tryggja enn frekar öryggi iðkenda. Sú vinna er hafin í samstarfi við ráðuneytið.

Með breytingu á lögum um grunnskóla árið 2021 var fagráð eineltismála lögfest, þar á meðal hlutverk og skipan þess og hæfnikröfur þeirra sem eiga þar sæti. Þar er kveðið á um heimild fagráðsins til að vinna með persónuupplýsingar og um aðgang að gögnum til samræmis við barnaverndarlög, nr. 80/2002, með síðari breytingum. Að meginstefnu gilda ákvæði stjórnisýslulaga og upplýsingalaga um starfsemi fagráðsins en með lagabreytingunni er fagráðinu þó heimilt að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum ef það telur þau geta skaðað hagsmuni barns eða samband þess við aðra. Fagráðið getur einnig ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að gögnin eða ljósrit séu afhent. Ákvæðið er til samræmis við ákvæði barnaverndarlaga. Þá er áfram mælt fyrir um starfsemi fagráðsins með reglum en fyrirmynd eru núgildandi verklagsreglur. Þá hefur verið rætt meðal hagsmunaaðila um að bæta frekar starfsumhverfi fagráðsins og hefur þá m.a. verið horft til þess að vinna að þeim umbótum í tengslum við innleiðingu farsældarlaganna svokölluðu og menntastefnu 2030.

A5 Fræðsluefni um ofbeldi fyrir leikskólabörn

Fræðsluefni sem hentar leikskólabörnum verði útbúið og komið í notkun í leikskólum. Fræðsluefninu fylgi leiðbeiningar til starfsfólks leikskóla um notkun þess og viðbrögð í kjölfar fræðslu, þar á meðal um tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum og samskipti við forsjáraðila.

Markmið: Að börn þekki rétt sinn til lífs án ofbeldis.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntamálastofnun, Barnaverndarstofa, embætti landlæknis, sveitarfélög, háskólar, frjáls félagasamtök og Jafnréttisstofa.

Mælikvarði: Að fræðsluefni hafi verið dreift og komið í notkun í öllum leikskólum landsins fyrir árslok 2022.

Staða: Aðgerðin var unnin í samhengi við aðgerð A1.

A6 Kennsla um kynheilbrigði og kynhegðun verði eflað í grunn- og framhaldsskólum

Nemendur í grunn- og framhaldsskólum fái markvissa og viðvarandi kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun, þ.m.t. kennslu um mikilvægi samþykkis og persónulegra marka. Einnig fari fram fræðsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi. Þetta stuðli að því að einstaklingar taki ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms, kynbundins ofbeldis og kynferðislegra birtingarmynda eineltis og haturstals sem og eigin framkomu á netmiðlum og birtingar myndefnis. Kennsla verði endurskipulögð í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í samfélaginu undir myllumerkinu #ég líka/#metoo, þ.m.t. kennsla til nemenda, kennara og annarra sem vinna með börnum. Við kennslu í skólum um kynheilbrigði og kynhegðun verði haft að leiðarljósi að hjálpa einstaklingum að öðlast jákvæðan skilning á kynlífi í víðri merkingu þess orðs og veita þeim þekkingu umfram það sem finna má á netmiðlum. Lögð verði áhersla á námsefnið Öruggr saman sem embætti landlæknis hefur gefið út og hentar efstu bekkjum grunnskóla, fyrstu árgöngum framhaldsskóla, félagsmiðstöðvum og íþróttahópum. Þá verði notast við fræðsluefnið sem framleitt var sem hluti af vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum.

Markmið: Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum taki ábyrga afstöðu í nánnum samskiptum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntamálastofnun, fjölmiðlar, kennaramenntunarstofnanir, embætti landlæknis, þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu, sveitarfélög, frjáls félagasamtök og ungmennaráð.

Mælikvarði: Markvissri kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun verði komið á fyrir árslok 2020 í skólum í samræmi við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla og grunnþáttinn Heilbrigði og velferð sem þar er að finna.

Staða: Starfshópur sem ráðherra skipaði til að vinna að framgangi þessarar aðgerðar hefur skilað skýrslu með ellefu aðgerðum. Ráðherra hefur sent bréf til skóla og hagsmunaaðila skólasamfélagsins þar sem vakin er athygli á skýrslunni og stjórnendur hvattir til þess að ræða hana á sínum vettvangi og nýta til að efla umræðu og aðgerðir í skólasamfélaginu. Jafnframt voru aðilar hvattir til að semja viðbragðsáætlun til að taka á því þegar upp kemur kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi innan skólanna. Gengið hefur verið frá samningi við sérfræðinga til þess að vinna námsefni í jafnréttis- og kynjafræðum fyrir leik, grunn- og framhaldsskóla sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í undirbúningi er að útbúa starfsþróunareiningu um kynfræðslu í tengslum við menntafléttuna sem Menntavísindasvið annast með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Skýrslan hefur farið til efnislegrar umfjöllunar innan ráðuneytisins, tillögur verið skoðaðar í samhengi við vinnu um aðgerðaáætlun menntastefnu 2030 og vinnu við þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi 2021–2025.

A7 Samræmd heilsuvernd skólabarna á landsvísu

Haldið verði áfram að styrkja heilsuvernd skólabarna á landsvísu þar sem nemendur fái samræmda skipulagða heilbrigðisfræðslu með áherslu á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Fjallað verði um líkamann, líkamsímynd, kynþroska, kynheilbrigði, samskipti, kvíða, tilfinningar, hópprýsting og geðheilbrigði. Fræðslan stuðli meðal annars að því að einstaklingar taki ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis.

Markmið: Að nemendur fái samræmda skipulagða árangursmetna fræðslu um kynþroska og kynheilbrigði.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu, heilsugæslustöðvar, embætti landlæknis og háskólasamfélagið.

Mælikvarði: Að nemendur í 9. bekk fái fræðslu um kynþroska og kynheilbrigði í skipulagðri heilbrigðisfræðslu fyrir árslok 2022.

Staða: Samkvæmt reglugerð nr. 1111/2020 leiðir Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) faglega þróun innan heilsugæslu á landsvísu, vinnur að samræmingu verklags og samhæfingar milli starfsfólks á heilsugæslustöðvum, gæðapróun og framförum í heilsugæslu í samráði við heilbrigðisstofnanir sem reka heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. ÞÍH er ábyrgðaraðili fyrir aðgerðina en heilsuvernd skólabarna er þjónusta sem sinnt er af heilsugæslunni í landinu. Um árabíl hefur verið unnið að því að samræma þjónustuna um land allt til að stuðla að því að öll grunnskólabörn hafi aðgengi að svipaðri þjónustu óháð búsetu. Með það fyrir augum hafa verið gerðar samræmdar leiðbeiningar fyrir heilsuvernd skólabarna og fræðsluefni til notkunar fyrir skólahjúkrunarfræðinga. Leiðbeiningarnar voru endurskoðaðar árið 2019 og eru nú gefnar út og hýstar á vef ÞÍH.

Í fræðslu um kynheilbrigði fyrir 9. bekk er áhersla lögð á samskipti, virðingu og ofbeldisforvarnir og ákveðin markmið varðandi þá þætti sett. Árangursviðmiðið er að 80% nemenda hafi fengið viðkomandi fræðslu og

ár hvert er það hlutfall mælt. Undanfarin ár hefur árangursviðmiðunum nær alltaf verið náð en skólaárið 2019–2020 sker sig úr. Þar gætir áhrifa af Covid-19 sem torvelduðu möguleika á að veita fræðsluna, svo sem vegna fjöldatakmarkana, hólfaskiptinga og að nauðsynlegt reyndist að kalla skólahjúkrunarfræðinga í ýmis Covid-tengd störf innan heilsugæslunnar. Hlutfall skólabarna sem fékk fræðslu um kynheilbrigði á árabílinu 2016–2021 var eftirfarandi:

Tímabil	2016–17	2017–18	2018–19	2019–20	2020–21
Hlutfall	88%	89%	89%	63%	84%

Þess má geta að fræðsla um kynheilbrigði, sjálfsmynd og samskipti fer ekki einungis fram í 9. bekk heldur líka í 1., 5., 6., 8. og 10. bekk og er líka fylgst með árangursviðmiði allra þeirra aldurs hópa. Einnig má geta þess að embætti landlæknis hefur gefið út námsefni um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í samböndum unglunga sem ætlað er til kennslu í 9. og/eða 10. bekk grunnskóla. Námsefnið heitir Örugger saman og er aðgengilegt á vefslóð embættis landlæknis. Gagnvirk kennsla af þessu tagi fyrir unglunga er ein þeirra leiða sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með sem forvörn gegn ofbeldi.

Með samræmdu verklagi, fræðslu og skráningu er starfsemi heilsuverndar skólabarna vel skipulögð og virk á landsvísu. Hún er í stöðugri þróun, verklag og fræðsluefni hefur verið uppfært reglulega og unnið hefur verið með markmið og mælikvarða sem settir voru fram í aðgerð A7.

A8 Vitundarvakning í samfélaginu gegn haturstali

Vitundarvakningu gegn haturstali í samfélaginu verði ýtt úr vör með samfélagsáttmála og fræðslu sem verði sniðin annars vegar að börnum og ungmönnum og hins vegar fullorðnum. Í sáttmálanum felist yfirlýsing um að haturstal verði ekki liðið í opinberri umræðu, fjölmiðlum eða samskiptum manna í milli og að barist verði gegn því. Starfshópi á forræði Mannréttindaskrifstofu Íslands verði falið að útfæra verkefnið nánar, hann útbúi meðal annars tillögu að samfélagsáttmála og leggi til hugmyndir að ýmiss konar fræðsluefni.

Markmið: Að samfélagið sameinist gegn haturstali.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Mannréttindaskrifstofa Íslands, félagsmálaráðuneytið, fjölmiðlanefnd, Menntamálastofnun, SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni), skólar, frjáls félagasamtök í íþróttá- og æskulýðsstarfi, frjáls félagasamtök og ungmennaráð.

Mælikvarði: Vitundarvakning hefjist fyrir árslok 2020.

Staða: Ríkið hefur í samningi við Heimili og skóla gert árlega ráð fyrir einni milljón króna til vitundarvakningar í tengslum við SAFT- og Ekkert hatur-verkefnið. Átakið „Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð“ er unnið út frá verkefni Evrópuráðsins, No Hate Speech Movement. Því er beint gegn einelti, hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins annast eftirtaldir aðilar útfærslu verkefnisins á Íslandi: SAFT, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Æskulýðsvettvangurinn. Frá upphafi hefur fræðsla til ungmenna um net- og miðlamál verið helsta forgangsatridi SAFT-verkefnisins. Mörg þúsund nemendur um allt land fá fræðslu á hverju ári. Þá styrkir mennta- og barnamálaráðuneytið Æskulýðsvettvanginn sem býður upp á námskeið um hatursorðræðu til þeirra samtaka sem mynda vettvanginn og aðildarfélögum þeirra,

þeim að kostnaðarlausu. Ekki hefur verið sett af stað vinna við samfélagsáttmálann eða settur á laggirnar starfshópur á forræði Mannréttindaskrifstofu Íslands sbr. þingsályktun.

Forsætisráðherra skipaði þann 16. júní 2022 í starfshóp gegn hatursorðræðu. Meginhlutverk hópsins er að skoða hvort stjórnvöld skuli setja fram heildstæða áætlun um samhæfðar aðgerðir stjórnvalda gegn hatursorðræðu. Starfshópnum er falið að gera tillögur um útfærslu á aðgerðum sem miða að því að vinna gegn hatursorðræðu í íslensku samfélagi, til dæmis í formi vitundarvakningarherferðar og/eða annarra aðgerða. Unnið hefur verið að því að ná fram samhæfðum aðgerðum gegn hatursorðræðu m.a. vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar og kynvitundar með heildstæðri nálgun. Slíkt er mikilvægt, m.a. til að stuðla að virkri þátttöku allra í íslensku samfélagi og að allir geti þar notið eigin atorku, þroskað hæfileika sína og notið sama athafnafrelsis og tjáningarfrelsis sem og frelsis til heilbrigðs lífs óháð framangreindum þáttum. Starfshópnum er einnig gert að fjalla um m.a. skilgreiningu á hugtakinu hatursorðræðu og hverjar eru mismunandi birtingarmyndir hennar, að hverjum hún beinist helst og hverjar eru afleiðingarnar. Hvernig unnt er að koma í veg fyrir hatursorðræðu meðal barna og ungmenna, hvort löggjöfin sem tengist hatursorðræðu þarfnist breytinga og hvort löggjöfin sé að þróast til samræmis við breytt samfélagsleg viðhorf til þeirra brota og þeirrar háttsemi sem þar heyrir undir. Hvort þörf sé á frekari fræðslu um hatursorðræðu og afleiðingar hennar almennt og hvort nauðsynleg fræðsla sé veitt til þeirra sem þarfnast hennar sérstaklega starfa sinna vegna.

Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fjölmeningarsetri, embætti ríkislögreglustjóra, mennta- og barnamálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt eru þrjú fulltrúar skipaðir af forsætisráðherra án tilnefningar. Viðtækt samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila við gerð áætlunarinnar. Í september 2022 voru haldnir sérstakir samráðsfundir með fulltrúum á þriðja tug hagsmunasamtaka og sérfræðinga. Auk almennra umræðna var á samráðsfundunum sérstaklega óskað eftir upplýsingum frá samtökunum um hvað að þeirra mati mætti betur fara í málaflöknum og til hvaða aðgerða þau telji að grípa skuli til. Þann 25. október 2022 hélt forsætisráðherra opinn samráðsfund um aðgerðir gegn hatursorðræðu í Hörpu þar sem fólki gafst færi á að fræðast og ræða hugmyndir og aðgerðir til að sporna við hatursorðræðu. Þátttakendur voru um 100 talsins.

Stefnt er að því að þingsályktun um aðgerðir gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026 verði lögð fram á vorþingi 2023.

A9 Vitundarvakning um einelti og ofbeldi á vinnustöðum

Einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum verði ekki liðið og atvinnurekendur bregðist við á grundvelli áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þegar þeir verða varir við slíka hegðun innan vinnustaðarins. Gert verði átak í fræðslu og eftirliti þar sem atvinnurekendur verði upplýstir um skyldur þeirra samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Í atakinu felist meðal annars kynning, útgáfa, fræðsla og leiðbeiningar um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áætlanir um forvarnir með sérstakri áherslu á sálfélagslegt vinnuumhverfi. Einnig verði lögð áhersla á þessa þætti í eftirlitsheimsóknum í fyrirtæki.

Markmið: Að 60% vinnustaða á innlendum vinnumarkaði hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áætlanir um forvarnir með sérstakri áherslu á sálfélagslegt vinnuumhverfi, í lok árs 2020.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Vinnueftirlitið, Jafnréttisstofa, stéttarfélög og samtök aðila vinnumarkaðarins.

Mælikvarði: Hlutfall vinnustaða á innlendum vinnumarkaði sem hefur gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áætlanir um forvarnir, með sérstaka áherslu á sálfélagslegt vinnuumhverfi, í lok árs 2019, 2020 og 2021.

Staða: Gefin var út skýrslan *Valdbeiting á vinnustað* sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Skýrslan varpar ljósi á algengi og eðli eineltis og kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni á íslenskum vinnumarkaði, auk þess að kanna viðbrögð stjórnenda við slíkri háttsemi. Kannað var hvort atvinnurekendur hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum sínum, þ.m.t. áætlun um forvarnir þar sem meðal annars komi fram til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi auk eineltis á vinnustöðum þeirra og til hvaða aðgerða skuli gripið ef slík hegðun á sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustöðum þeirra eða ef þeir verða varir við slíkt á vinnustað sínum. Stjórnendur 326 fyrirtækja svöruðu könnuninni. Um 42% stjórnenda svöruðu því til að á vinnustaðnum hafi verið framkvæmt áhættumat sem tekur til alls vinnuumhverfisins og um 20% greindu frá því að áhættumat hafi verið gert sem tekur til hluta vinnuumhverfisins. Einungis um 7% sögðu að áhættumat hafi náð til sálfélagslegra þátta.

Hrint var af stað verkefni sem miðar að því að upplýsa um heimilisofbeldi og mansal á vinnustöðum. Verkefninu er stýrt af Vörðu – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu, Samtök um kvennaathvarf, Jafnréttisstofu, Vinnueftirlitið og Neyðarlínuna. Um tvö verkefni er að ræða, annars vegar Heimilisofbeldi og vinnustaðir og hins vegar Mansal og vinnustaðir. Verið er að leggja lokahönd á gerð fræðsluefnis sem nýtt verður í trúnaðarmannafræðslu Félagsmálaskólans fyrir aðildarfélög ASÍ og BSRB, í fræðslu fyrir eftirlitsmenn og aðra starfsmenn Vinnueftirlitsins og verður auk þess aðgengilegt almenningi á vefgátt 112 um ofbeldi. Verkefnið var liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins.

Vinnueftirlitið hefur síðastliðin ár lagt aukna áherslu á að atvinnurekendur tryggi starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, einkum þegar kemur að einelti og kynferðislegri áreitni og ofbeldi, og hefur í því skyni staðið fyrir fræðslu og gefið út fræðsluefni og leiðbeiningar fyrir stjórnendur.

Félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, fól Vinnueftirlitinu framkvæmd aðgerðaáætlunar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum en áætlunin var unnin af aðgerðarhópi á vegum fyrrverandi félags- og barnamálaráðherra og afhent ráðherra í júní 2021. Aðgerðaáætlunin felur í sér sjö aðgerðatillögur sem miða einkum að því að auka aðgengi að fræðsluefni, miðla þekkingu og þróa stafrænar lausnir fyrir vinnustaði. Ein aðgerðatillagan kveður á um að árið 2023 verði framkvæmd sambærileg rannsókn og gerð var árið 2019 og greint var frá hér fram, þar sem rannsakað verði með ítarlegum hætti algengi og eðli kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og stefna og viðbrögð stjórnenda við slíkri hegðun. Þannig verði hægt að sjá samanburð á milli ára á fjölda þeirra vinnustaða sem hafa gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áætlanir um forvarnir, með sérstaka áherslu á sálfélagslegt vinnuumhverfi.

Samningur félagsmálaráðuneytis, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, við Vinnueftirlitið um framkvæmd verkefnisins er til tveggja ára.

Vinnueftirlitið lét framkvæma könnun í mars 2022 um þekkingu á og eftirfylgni vegna reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Könnunin var lögð fyrir stjórnendur sem valdir voru með tilviljunarúrtaki úr fyrirtækjaskrá og voru sverendur 1.027 talsins. Spurt var hvort fyrirtækið sem viðkomandi starfar hjá hafi sett sér viðbragðsáætlun gegn einhverju eða öllu af eftirfarandi: einelti, áreitni og/eða ofbeldi. Meiri hluti sverenda eða 64% svöruðu spurningunni játandi en 36% neitandi.

A10 Fræðsla um úrræði fyrir þolendur ofbeldis um allt land

Fræðsluefni um ofbeldi og úrræði í kjölfar ofbeldis verði dreift skipulega um land allt. Fræðsluefnið verði byggt á fyrirliggjandi efni og staðfært í samvinnu við lykilaðila á þessu sviði í hverjum landshluta. Fræðsluefnið verði aðgengilegt á nokkrum tungumálum og uppfært reglulega á upplýsingavef, sbr. aðgerð C.2. Sérstök áhersla verði lögð á að fræðslan nái til fatlaðs fólks, eldra fólks, fólks af erlendum uppruna, hinsegin fólks, fanga og fleiri viðkvæmra hópa.

Markmið: Að upplýsa landsmenn um ofbeldi og úrræði í kjölfar ofbeldis.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Jafnréttisstofa, sveitarfélög og hlutaðeigandi stofnanir og frjáls félagasamtök.

Mælikvarði: Fræðsluefni verði dreift vorið 2020.

Staða: Í stað þess að vinna sérstakt fræðsluefni fyrir hvert landssvæði var ákveðið að lögð yrði áhersla á að fræða almenning um land allt í gegnum nýja vefgátt 112.is sem gegnir nú einnig því hlutverki að vera helsta upplýsingaveita landsins um ofbeldi. Vefurinn inniheldur upplýsingar um öll úrræði og þjónustu vegna hvers kyns ofbeldis um land allt og er aðgengilegur á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku.

Farið var í frekari þróun á rafrænni vefgátt 112.is og efnt til almennrar vitundarvakningar undir yfirskriftinni „Segðu frá“ þar sem almenningur var hvattur til þess að tilkynna og leita aðstoðar hefði aðili orðið fyrir ofbeldi eða orðið vitni af ofbeldi. Vitundarvakningin miðaði sérstaklega að viðkvæmum hópum, þ.m.t. börnum, fólki af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki. 112.is er nú orðin vel þekkt upplýsingaveita um allt sem tengist ofbeldi og þangað leita margir daglega eftir upplýsingum um ofbeldi og birtingarmyndir þess, fræðsluefni, upplýsingum um þjónustuúrræði o.s.frv.

Birtingar á markaðsefninu „Þú átt von“, vitundarvakningu gegn heimilisofbeldi. Félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, og dómsmálaráðuneytið, veittu Jafnréttisstofu styrk til verkefnisins.

A11 Stofnun miðstöðvar um ofbeldi gegn börnum

Komið verði á fót miðstöð undir forustu félagsmálaráðuneytisins og með aðkomu opinberra stofnana, frjálsra félagasamtaka, háskólasamfélagsins og annarra viðeigandi aðila. Sú miðstöð hafi það hlutverk að halda utan um upplýsingar, rannsóknir, tölfræði og fleira er varðar ofbeldi gegn börnum og verði stjórnvöldum til ráðgjafar og leggi fram tillögur þegar kemur að mótun stefnu og aðgerða í málaflokksnum, m.a. er varðar barnavernd og aðra þjónustu við fjölskyldur og börn. Miðstöð þessari verði eftir atvikum falin eftirfylgni með aðgerðum í þessari áætlun.

Markmið: Að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um rannsóknir á ofbeldi gegn börnum og þróun málaflokksins, sem verði grunnur fyrir fræðslu- og forvarnaaðgerðir. Stjórnvöld á hverjum tíma hafi ríkt aðgengi að þessum upplýsingum og faglegri ráðgjöf við stefnumótun í málaflokksnum.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Önnur ráðuneyti, hlutaðeigandi stofnanir, frjáls félagasamtök og aðrir viðeigandi aðilar.

Mælikvarði: Að miðstöð um ofbeldi gegn börnum hafi tekið til starfa haustið 2019.

Staða: Árið 2019 var sett á fót upplýsingamiðastöð um ofbeldi gegn börnum, sem gengur nú undir nafninu Þekkingarmiðstöð ofbeldismála barna og er í umsjá Barna- og fjölskyldustofu. Ráðinn var starfsmaður til þess að sinna verkefninu. Í upphafi miðaði vinnan einkum að því að kanna hverskonar gögnum verið er að safna á vegum mismunandi aðila, hvaða gögn eru til, hvaða gögn skila sér inn á borð Barna- og fjölskyldustofu (áður Barnaverndarstofu) og hvar vantar þekkingu. Í kjölfarið hefur verið lögð áhersla á að reyna að samræma skráningar til að geta gert greiningar á málaflöknum aftur í tímann frá fleiri sjónarhornum en voru möguleg.

Þekkingarmiðstöðin hefur komið að tveimur verkefnum þar sem annars vegar var unnið að því að útbúa mælistikur/mælaborð til mælinga á hvers kyns ofbeldi og hins vegar að undirbúningsvinnu vegna mælinga á stafrænu ofbeldi. Í kjölfarið var hafin óformleg gagnasöfnun á meðal barnaverndarnefnda á stafrænu ofbeldi til að átta sig á umfangi málaflöksins. Til að gæta áreiðanleika og réttmætis slíkra mælinga þarf að gæta þess að skráningar séu samræmdar þvert á allar nefndir. Því var leitast við að koma stafrænu ofbeldi formlega að inn í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd eða hið minnsta formlega inn í gagnasöfnun. Þeirri vinnu er nú lokið og uppfært skilgreiningar- og flokkunarkerfi hefur verið sent öllum fulltrúum barnaverndarnefnda og er einnig að finna á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Framundan bíða stór verkefni sem sumum hverjum hefur þegar verið ýtt úr vör. Þar ber helst að nefna verkefnið sem hefur hlotið vinnuheitið „Faraldur í skugga faraldurs“ en unnið hefur verið að því að fá félagasamtök, háskólasamfélagið, ríkislögreglustjóra og fleiri aðila til samstarfs. Verkefnið samanstendur af a) fyrirlestraröð þar sem haldin verða 3–4 erindi, b) ritröð gefin út samhliða fyrirlestraröðinni og c) hlaðvarp.

Viðfangsefni fyrirlestranna eru 1) ofbeldi gegn börnum (líkamlegt og/eða heimilisofbeldi, 2) kynferðisofbeldi, 3) börn foreldra með áfengis- og/eða fíkniefnavanda. Möguleiki er að bæta við fleiri fyrirlestrum. Miðstöðin heldur fyrsta erindi hvers fyrirlesturs, sem opnar fundinn, og þá taka við erindi á vegum mismunandi stofnana eða samtaka. Samhliða hverjum fyrirlestri verður gefið út rit eða skýrsla sem kemur til með að samanstanda af greinum, upplýsingum og samantektum um málefni er viðkoma börnum og tengjast efni hvers fyrirlesturs fyrir sig. Ætlunin með þessu verkefni er að vekja athygli á málefnum barna, með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum út frá vinklinum „heimsfaraldur“, þ.e. hvað hafi komið í ljós í Covid-19, hvað megi læra af Covid-19, hvað hafi komið á óvart, hvað hafi breyst eða ekki breyst o.s.frv. Ástæða þrískipts verkefnis (fyrirlestra, rita og hlaðvarps) er til að ná til mismunandi markhópa. Hver þessara miðla gefa tækifæri til að nálgast efnið á mismunandi hátt frá ólíkum vinklum.

Önnur verkefni sem bíða miðstöðvarinnar er að taka saman töluleg gögn aftur í tímann til samanburðar við þau sem hafa borist síðastliðin tvö ár. Gert er ráð fyrir að slík greining verði kynnt á fyrirlestraröðinni eða í sérstöku riti á vef Barna- og fjölskyldustofu.

B1 Stuðlað að menntun um ofbeldismál fyrir þá sem starfa innan réttarvörslukerfisins

Fræðslu um ofbeldismál í víðu samhengi verði ýtt úr vör til þeirra sem starfa innan réttarvörslukerfisins. Lögð verði áhersla á að fræðslan snúist um eðli og afleiðingar ofbeldis, birtingarmyndir þess og þá einkum á sérstöðu tiltekinna viðkvæmra hópa, þ.m.t. innflytjenda, fatlaðs fólks, eldra fólks og hinsegin fólks, í því skyni að efla getu starfsmanna til að bregðast við ofbeldismálum. Eftirtöldum aðilum verði falið að annast

framkvæmd slíkrar fræðslu: Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar og embætti ríkissaksóknara. Aukin verði þekking þeirra sem starfa innan réttarvörslukerfisins á ofbeldismálum sem skili sér í betri rannsóknnum og meðferð ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins.

Markmið: Bætt verklag við rannsókn og málsmeðferð ofbeldismála innan réttarvörslukerfisins.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar, embætti ríkislögreglustjóra, embætti ríkissaksóknara, neyðarmóttaka og áfallateymi Landspítalans og réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Mælikvarði: Reglubundin fræðsla verði komin á í árslok 2020.

Staða: Hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar hefur verið tryggt að fræðsla um ofbeldi verði fastur liður í endurmenntun starfsmanna lögreglu. Á árunum 2019–2021 voru til að mynda sjö námskeið haldin sem tæplega 230 manns sóttu, bæði lögreglumenn og ákærendur. Um var að ræða námskeið um heimilisofbeldi, um skýrslutökur af krefjandi sakborningum, um rannsóknir kynferðisbrota og um stafrænt kynferðislegt ofbeldi. Einnig fjöldi námskeiða um tæknirannsóknir en sönnunargögn í málum er varða kynferðislegt ofbeldi eru oftast ekki á rafrænu formi. Einnig hafa verið haldin námskeið árlega fyrir rannsakendur kynferðisbrota. Þá hefur Mennta- og starfsþróunarsetur útbúið vefnámskeið sem eru aðgengileg öllu starfsfólki lögreglu frá vorinu 2021 en námskeiðin verða að skyldunámi á þessu ári fyrir alla starfandi lögreglumenn.

Ákærendafélag Íslands og embætti ríkissaksóknara hafa einnig haldið fræðslu þar sem fjallað hefur verið um rannsókn og saksókn kynferðisbrota.

B2 Lagaákvæði og reglur um þagnarskyldu hindri ekki framvindu mála

Dómsmálaráðuneytið kanni hvort ákvæði gildandi laga um þagnarskyldu hindri með einhverju móti eðlilega framvindu ofbeldismála innan kerfisins og geri tillögur að úrbótum verði þess talið þörf. Athugað verði sérstaklega hvort nauðsynlegt sé að rýmka heimildir lögreglu til að miðla nauðsynlegum upplýsingum til viðeigandi stofnana við rannsókn einstakra mála og öfugt. Þá verði þessi vinna unnin samhliða og með hliðsjón af innleiðingu Istanbúl-samningsins ásamt innleiðingu dómsmálaráðuneytisins á tilskipun Evrópusambandsins um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Markmið: Þverfaglegt samráð og samstarf sé óhindrað við rannsókn og meðferð ofbeldismála.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félagsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, embætti landlæknis, Barnaverndarstofa, embætti ríkislögreglustjóra, embætti héraðssaksóknara, lögregluembætti, embætti ríkissaksóknara og Persónuvernd.

Mælikvarði: Niðurstaða liggja fyrir í árslok 2020.

Staða: Á undanförunum árum hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að tryggja lagastoð fyrir miðlun persónuupplýsinga til og frá lögreglu. Svokölluð löggæslutilskipun, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016, var innleidd með lögum nr. 75/2019 og lögreglulögum var breytt í samræmi við það með sömu lögum og nú síðast með lögum nr. 50/2021.

Árið 2020 lagði dómismálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 en frumvarpið var samþykkt af Alþingi vorið 2021. Með breytingunni var lögfest ný málsgrein, 2. mgr. 11. gr., þess efnis að lögregla skuli, eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila við lögreglurannsóknir, framkvæmd löggæslu og önnur verkefni. Með ákvæðinu er lögreglu gert heimilt að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Þá skal lögregla sérstaklega vinna með félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra. Með ákvæðinu voru því lögfestar enn skýrari heimildir lögreglu til að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, við þau stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila sem hún er í samstarfi við á grundvelli lögbundins hlutverks síns. Breytingarnar eru því til þess fallnar að liðka fyrir eðlilegri framvindu ofbeldismála innan kerfisins.

B3 Heimildir stofnana og félagasamtaka til að afla upplýsinga úr sakaskrá ríkisins

Dómismálaráðuneytið skipi starfshóp sem verði falið að greina núverandi heimildir stofnana og félagasamtaka sem starfa með börnum til að afla upplýsinga úr sakaskrá og meta þörfina á mögulegum úrbótum. Lögð verði áhersla á að starfshópurinn hafi hliðsjón af lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við gerð tillagna til úrbóta.

Markmið: Stofnanir geti með fullnægjandi hætti tryggt öryggi skjólstæðinga sinna með því að afla nægilegra, viðeigandi og nauðsynlegra upplýsinga úr sakaskrá ríkisins.

Ábyrgð: Dómismálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Embætti ríkissaksóknara, Persónuvernd, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, embætti ríkislögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga, hlutaðeigandi stofnanir og frjáls félagasamtök.

Mælikvarði: Tillögur liggi fyrir árslok 2020.

Staða: Í desember 2019 skipaði dómismálaráðherra starfshóp um upplýsingagjöf úr sakaskrá. Hópurinn átti viðtækt samráð við hlutaðeigandi aðila. Gerði hópurinn samantekt á ákvæðum sem krefjast upplýsinga úr sakaskrá og skilaði hópurinn skýrslu með tillögum til úrbóta þann 20. september 2020. Í apríl 2021 lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram frumvarp á Alþingi til breytinga á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála, varðandi öflun sakavottorðs. Byggði frumvarpið m.a. á skýrslu starfshóps dómismálaráðherra. Var frumvarpið liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt-, og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Frumvarpið náði ekki fram að ganga á 151. löggjafarþingi 2020–2021 og hefur ekki verið lagt fram að nýju.

B4 Uppbyggileg réttvísi í sakamálum

Dómismálaráðuneytið taki til skoðunar hvaða úrræðum megi beita í ofbeldismálum sem miða að uppbyggilegri réttvísi, svo sem sáttamiðlun, og kanni hvort þörf sé á lagabreytingum, eftir atvikum með setningu sérlaga eða breytingum á lögum um meðferð sakamála. Við þá vinnu verði hliðsjón höfð af skýrslu nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum frá árinu 2009 og afrakstur og árangur af verkefninu metinn sérstaklega.

Markmið: Uppbyggileg réttvísi verði nýtt í auknum mæli.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Embætti ríkissaksóknara, embætti ríkislögreglustjóra, embætti héraðssaksóknara, lögregluembættin.

Mælikvarði: Niðurstaða liggja fyrir í árslok 2020.

Staða: Í september 2020 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp um sáttamiðlun í sakamálum. Í janúar 2021 skilaði nefndin skýrslu þar sem lagðar voru til breytingar sem miða að því að nýta úrræði sáttamiðlunar í auknum mæli. Lagði nefndin til breytingar á ákvæðum laga um meðferð sakamála um möguleika á sáttamiðlun. Þá hefur fyrir mælum ríkissaksóknara um sáttamiðlun verið breytt í samræmi við tillögur nefndarinnar og ríkislögreglustjóra var falið að setja reglur um sáttamenn sem starfa innan lögreglunnar. Námskeið hafa verið haldin fyrir sáttamenn og nú þegar er farið að vinna eftir nýjum fyrir mælum ríkissaksóknara og verklagsreglum ríkislögreglustjóra um sáttamiðlun. Hefur frumvarp dómsmálaráðherra verið lagt fram á Alþingi en með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á b. lið 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála, þar sem orðunum „[...] að undangenginni sáttamiðlun hjá lögreglu.“ er bætt við staflíðinn til að úrræðið sé lögfest í sakamálalögum.

B5 Bætt áverkaskráning í Slysaskrá Íslands

Safnað verði ítarlegri upplýsingum um slys og áverka í Slysaskrá Íslands til að kortleggja betur umfang og áhættuþætti.

Markmið: Ítarlegri upplýsingar um slys og áverka liggja fyrir og umfang og áhættuþættir verði kortlagðir.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis, heilbrigðisstofnanir, embætti ríkislögreglustjóra, Samgöngustofa, Vinnueftirlitið og frjáls félagasamtök.

Mælikvarði: Allar viðeigandi stofnanir skrái í endurbætta Slysaskrá Íslands í lok árs 2022.

Staða: Embætti landlæknis er vinnslu- og ábyrgðaraðili Slysaskrárinnar. Tilgangur skrárinnar hefur verið að fá yfirlit yfir öll slys á Íslandi eftir tegundum, aldri, kyni, staðsetningu o.fl. Skránni er ætlað að nýtast til forvarnastarfs og stefnumótunar auk þess sem hún veitir möguleika á ítarlegri rannsóknum á slysum. Formleg skráning hófst í október 2001. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að þörf væri að endurskoða núgildandi fyrir mæli og fyrirkomulag við skráningu slysa og áverka í heilbrigðiskerfinu.

Í dag er um tvenns konar skráningu að ræða. Heilsugæslan og flestar heilbrigðisstofnanir nota ICD-10 sjúkdómaflokkunarkerfið, Alþjóðlega tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála þar sem 19. kafli tekur til áverka en 20. kafli til kringumstæðna (ytri orsaka). Á bráðamóttöku Landspítala (LSH) hefur aftur á móti verið í notkun mun ítarlegri skráning sem byggist á flokkunarkerfinu NCECI (e. Nordic Classification of External Causes of Injuries) sem gefið var út af NOMESCO á sínum tíma. Þetta flokkunarkerfi hefur hins vegar ekki verið uppfært og ekki útlit fyrir að svo muni verða af hendi NOMESCO. Útgáfa kerfisins sem er í notkun á LSH er frá árinu 2007. Af hendi bráðamóttöku er mikið kallað eftir því að fá nýtt skráningarkerfi/-viðmót.

Fyrir nokkrum misserum setti landlæknir á fót vinnuhóp í þeim tilgangi að kortleggja núverandi stöðu og setja fram þarfagreiningu hvað varðar skráningu slysa í heilbrigðiskerfinu og framsetningu tölfræði þar að lútandi. Afurð vinnunnar var ætluð sem grunnur sem hægt væri að nota við töku ákvarðana um innleiðingu

breytinga. Vinnuhópurinn skilað tillögum sínum til landlæknis í júlí 2021 og féllst landlæknir á tillögurnar. Þær tillögur gera m.a. ráð fyrir því að hætt verði að nota NCECI en ICD-flokkunarkerfið notað alfarið, en gerðar verði mismunandi kröfur um nákvæmni skráningar eftir tegund þjónustu (bráðamóttaka/heilsugæslustöðvar). Til þess þarf að hanna nýtt skráningarviðmót undir forystu Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna hjá embætti landlæknis. Þá er jafnframt lagt til að Slysaskrá Íslands verði breytt.

Ekki hefur náðst að koma í gang nauðsynlegri vinnu við nánari útfærslu og hönnun nýs skráningarviðmóts en ný skráningarfyrirmæli fyrir þjónustu heilsugæslustöðva, sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og sjúkrahúsa eru í vinnslu hjá embætti landlæknis.

C1 Starfsemi Bjarkarhlíðar – þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis fest í sessi

Tilraunaverkefnið Bjarkarhlíð er þverfaglegur samstarfsvettvangur opinberra stofnana og frjálsra félagasamtaka og er mikilvægur samstarfsaðili í þessari aðgerðaáætlun. Í Bjarkarhlíð fá fullorðnir þolendur ofbeldis samhæfða þjónustu og ráðgjöf undir sama þaki en þar starfa félagsráðgjafar og rannsóknarlögreglumaður í fullu starfi, auk samstarfsaðila sem eru með reglulega viðveru. Stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar vinni að því að renna stoðum undir reksturinn og tryggja starfsemi miðstöðvarinnar til frambúðar. Stjórnvöld leggi Bjarkarhlíð til 20 m.kr. árlega á tímabilinu 2019–2021 í samræmi við Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu.

Markmið: Að þolendur ofbeldis fái viðeigandi þverfaglega aðstoð án tafar sem og úrlausn sinna mála í kjölfar ofbeldis í þeirri umgjörð sem boðið er upp á í Bjarkarhlíð.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og önnur lögregluembætti, Landspítalinn, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Stígamót, Drekaflóð, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin og fleiri frjáls félagasamtök.

Mælikvarði: Rekstur Bjarkarhlíðar verði tryggður til frambúðar.

Staða: Rekstrargrundvöllur Bjarkarhlíðar var tryggður varanlega frá árinu 2019 með árlegu fjárframlagi frá stjórnvöldum, í framhaldi af samþykkt tillagna dómsmálaráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins frá árinu 2017. Þá hefur félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, á gildistíma aðgerðaáætlunarinnar einnig lagt til árlegt fjármagn. Reykjavíkurborg leggur starfsemi til húsnæði.

C2 Upplýsingavefur um ofbeldi

Opnaður verði upplýsingavefur með margþættu efni um ofbeldismál. Vefurinn innihaldi meðal annars upplýsingar um birtingarmyndir ofbeldis, forvarnir, feril mála innan réttarvörslukerfisins og tiltæk stuðningsúrræði í kjölfar ofbeldis. Á vefnum verði einnig birtar skýrslur og niðurstöður rannsókna á þessu sviði, bæði innlendar og erlendar. Vefurinn verði hýstur í Bjarkarhlíð – þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

Markmið: Að hafa upplýsingar og fræðsluefni um ofbeldi, forvarnir og viðbrögð aðgengilegt á einum stað.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Bjarkarhlíð, Jafnréttisstofa, dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, lögregluembætti, embætti ríkislögreglustjóra, Menntamálastofnun, Barnaverndarstofa, embætti landlæknis, Vinnueftirlitið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, sveitarfélög, Hagstofa Íslands, háskólasamfélagið, frjáls félagasamtök og fleiri.

Mælikvarði: Vefurinn verði opnaður árið 2020.

Í upphafi var lagt upp með að upplýsingavefurinn yrði hýstur í Bjarkarhlíð en árið 2020 var ráðist í að þróa og efla þjónustu Neyðarlínunnar og samhliða var vefurinn 112.is uppfærður. Með tilliti til þess var talið réttast að aðgerð C2 yrði sameinuð því verkefni. 112.is er nú sú gátt þar sem hægt er að tilkynna og leita aðstoðar vegna ofbeldis með því að fá samband við neyðarvörð, með netspjalli eða í gegnum 112 appið. Vefurinn gegnir einnig hlutverki upplýsingamiðlunar en þar er að finna margs konar efni um ofbeldi, þ.m.t. upplýsingar um þjónustu og úrræði á vegum opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila. Þar er einnig að finna fræðsluefni um ofbeldi fyrir alla aldurshópa. Vefurinn er á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku.

C3 Stuðningur við þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi

Tryggð verði starfsemi þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi sem staðsett er á Akureyri, þróunarverkefni til tveggja ára sem er sambærilegt Bjarkarhlíð á höfuðborgarsvæðinu. Þar verði veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum, eða eru brotáþolar í mansalsmálum og/eða vændi. Þar verði einnig veitt fræðsla og fjallað um birtingarmyndir, eðli og afleiðingar ofbeldis. Þjónustumiðstöðin verði starfrækt á ábyrgð stofnaðila á Norðurlandi. Að tveimur árum liðnum verði verkefnið metið af óháðum aðila og tekin ákvörðun um áframhaldandi rekstur.

Markmið: Að þolendur ofbeldis á Norðurlandi fái á einum stað nauðsynlega þjónustu í kjölfar ofbeldis.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Akureyrarbær, Aflíð, Háskólinn á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Kvennáráðgjöfin, Samtök um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofa Íslands og dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mælikvarði: Mat á þróunarverkefni verði gert í ársbyrjun 2021.

Staða: Árin 2019 sameinuðust félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, og dómsmálaráðuneytið um rekstur Bjarmahlíðar til tveggja ára í tilraunaskyni. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur haldið áfram fjárhagslegum stuðningi við miðstöðina en framlag dómsmálaráðuneytisins felst í að tryggja aðkomu lögreglunnar á Norðurlandi eystra að verkefninu.

C4 Viðbragðsteymi um sérhæfða ráðgjöf til þolenda ofbeldis á landsbyggðinni

Sett verði af stað tilraunaverkefni, í umsjá Bjarkarhlíðar, þar sem myndað verði teymi félagsráðgjafa, geðlækna, sálfræðinga og eftir atvikum annarra sérfræðinga sem veiti þolendum ofbeldis á landsbyggðinni viðeigandi aðstoð í kjölfar ofbeldis. Félagþjónusta, lögregla, heilbrigðisþjónusta og samtök sem styðja þolendur ofbeldis geti án tafar kallað eftir aðstoð sérfræðings sem kæmi á staðinn og veitti brotáþola sérhæfða ráðgjöf.

Markmið: Að þolendur ofbeldis um allt land eigi kost á sérhæfðri ráðgjöf í kjölfar ofbeldis svo fljótt sem auðið er.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Bjarkarhlíð, heilbrigðisráðuneytið, þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi, fagfélög sérfræðinga, félagsþjónusta sveitarfélaga, lögregluembætti, neyðarmóttaka og áfallateymi Landspítala og heilsugæsla.

Mælikvarði: Mat á verkefni fari fram í ársbyrjun 2022.

Staða: Á tímabili aðgerðaáætlunarinnar hafa forsendur þessarar aðgerðar breyst. Sett hafa verið á fót ný úrræði eða viðbótarþjónusta, með fjárstuðningi frá ráðuneytinum, sem greiða eiga aðgengi að sérhæfðri þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á landsbyggðinni:

- Bjarmahlíð, þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis, opnaði á Norðurlandi árið 2019. Þjónustuþegar hafa á einum stað aðgengi að þjónustu samstarfsaðila, þ.m.t. félags- og lögfræðiráðgjöf, áfallameðferð, stuðningi og upplýsingagjöf frá lögreglu.
- Bjarkarhlíð hyggst árið 2023 bjóða upp á reglulega þjónustu til þolenda ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum í tilraunaskyni.
- Samtök um kvennaathvarf opnuðu neyðarathvarf á Norðurlandi sumarið 2020.
- Sigurhæðir, þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, opnaði á Suðurlandi vorið 2021. Þjónustuþegar hafa aðgang að þjónustu samstarfsaðila, þ.m.t. félags- og lögfræðiráðgjöf, áfallameðferð, stuðningi og upplýsingagjöf frá lögreglu.
- Aflið, sem hefur um árabil veitt þjónustu til þolenda ofbeldis á Norðurlandi, hefur útvíkkað starfsemi sína og býður nú einnig upp á þjónustu á Austurlandi.
- Meðferð við áfallastreituröskun á rafrænu formi. Nú stendur yfir þróun vefútfærslu á hugrænni úrvinnslumeðferð við áföllum fyrir þolendur ofbeldis í samstarfi sálfræðiþjónustu geðþjónustu Landspítala, Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna hjá embætti landlæknis og þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Neyðarmóttakan og áfallamiðstöð LSH bjóða sálfræðiþjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis og ofbeldis í nánnum samböndum sem leita til spítalans. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni og er markmiðið með verkefninu að geta betur annað þeirri eftirspurn með því að bjóða skjólstæðingum upp á þann valmöguleika að nálgast meðferðina á rafrænan hátt, þegar það er talið henta viðkomandi.

C5 Tímabundið leyfi frá störfum í kjölfar ofbeldis

Starfshópi verði falið að kanna og koma með tillögur um hvernig unnt sé að koma til móts við þolendur ofbeldis, sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði, þegar þeir eru frá vinnu í kjölfar ofbeldis. Er hér meðal annars átt við þegar þeir þurfa að sækja sér heilbrigðis- og félagsþjónustu eða sinna erindum tengdum málsmeðferð í réttarvörslukerfinu.

Markmið: Að gefa þolanda svigrúm til þess að vinna úr afleiðingum ofbeldis án þess að það hafi neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku viðkomandi.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samtök aðila vinnumarkaðarins.

Mælikvarði: Hópurinn skili tillögum í júní 2020.

Staða: Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að greina efni samþykktar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, og leggja mat á hvort og þá hvaða breytingar á löggjöf fullgilding umræddrar samþykktar hefur í för með sér hér á landi en tillaga þess efnis að fyrrnefnd samþykkt yrði fullgild hér á landi var birt í samráðsgátt stjórnvalda 17. október 2019. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum vorið 2023.

C6 Stuðningur við svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi

Árlega verði tilteknu fjármagni af safnliðum fjárlaga vegna verkefna á sviði félagsmála varið til styrktar svæðisbundnu samstarfi eða til ákveðinna verkefna sem styðja við aðgerðir gegn ofbeldi. Samstarfsaðilar á hverju svæði geti sótt um styrki til ákveðinna verkefna sem lúta að vitundarvakningu í samfélaginu, styrkingu viðbragðsaðila og valdeflingu þolenda í kjölfar ofbeldis.

Markmið: Að efla svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félagasamtök í samstarfi við opinbera aðila á hverju svæði.

Mælikvarði: Fyrsta úthlutun fari fram vorið 2020 og mat lagt á árangur árið 2022.

Staða: Ríkislögreglustjóra var falin ábyrgð á aðgerðinni. Í lögreglulögum er ríkislögreglustjóra falið, skv. 5. gr. g-liðar, að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhfæfingu á landsvísi eða samstarf við lögreglu í öðru landi. Ríkislögreglustjóri óskaði formlega eftir því við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að taka yfir ábyrgð á verkefninu með tilliti til þess að hafin var vinna á vegum embættisins við að byggja upp svæðisbundið samráð með lykilaðilum á hverju svæði.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitti ríkislögreglustjóra fjármagn til þess að framkvæma aðgerðina sem varið verður til eflingar og frekari þróunar á svæðisbundnu samstarfi um aðgerðir gegn ofbeldi meðal lykilaðila á hverju landssvæði þ.m.t. félagsþjónustu, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skólastjórnendur. Leitast verður eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

C7 Fjölbreyttari meðferðarúrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum

Komið verði á fjölbreyttari úrræðum fyrir gerendur í ofbeldismálum. Meðal annars verði tekið mið af niðurstöðum starfshóps sem mun kortleggja og skilgreina þjónustupörf fyrir fullorðna gerendur í hvers kyns ofbeldismálum og þá sem eru líklegir til að fremja ofbeldisbrot.

Markmið: Að koma í veg fyrir endurtekin ofbeldisbrot.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisráðuneytið, sveitarfélög, heilbrigðisyfirvöld, fangelsismálayfirvöld, lögregluembætti, fræðslu- og símenntunarstöðvar, Vinnuumálastofnun, VIRK og frjáls félagasamtök.

Mælikvarði: Ný úrræði bjóðist gerendum eigi síðar en árið 2021.

Staða: Starfshópur sem skipaður var af fyrrv. félags- og barnamálaráðherra skilaði tillögum um fjölbreyttari úrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum. Starfshópnum var samkvæmt skipunarbréfi falið að kortleggja og skilgreina þjónustubörf fyrir gerendur í ofbeldismálum og þá sem eru í hættu á að fremja ofbeldisbrot. Þá skyldi starfshópurinn einnig leggja fram tillögur um viðeigandi úrræði og jafnframt með hvaða hætti mætti efla forvarnir og fræðslu með það að markmiði að koma í veg fyrir ofbeldisbrot.

Ein af tillögum starfshópsins var að sett yrði á laggirnar sértæk þjónusta fyrir einstaklinga sem vilja leita sér hjálpar í kjölfar brota eða telja sig vera í hættu á að beita ofbeldi, einkum einstaklinga með óviðeigandi kynferðislegar hugsanir og hegðun, svo sem barnagirnd, en einnig einstaklinga með aðra skaðlega ofbeldishegðun. Árið 2021 veitti félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, styrk til sérhæfðra meðferðaraðila til þess að koma á fót slíku úrræði, sem gengur undir nafninu Taktu skrefið. Árið 2022 veitti ráðuneytið Taktu skrefið styrk til þess að veita sérhæfða sálfræðimeðferð fyrir allt að 30 einstaklinga sem sýnt hafa skaðlega kynferðislega hegðun eða hafa áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni á netinu eða gagnvart öðrum. Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs.

Ríkislögreglustjóra var falið að leggja til og leiða aðgerðir sem miða að gerendum ofbeldis. Aðgerðirnar fela í sér a) innleiðingu áhættumatskerfis í málum sem varða ofbeldi í nánnum samböndum, b) þróun og innleiðingu á áhættumatskerfi þar sem skilningur á kynferðisbrotum gegn börnum og aðstæðum er dreginn fram og mögulegar kveikjur brotanna, c) að þróaðar verði leiðir til að draga úr áhættu á frekari brotum og d) að bjóða upp á hvatningarsamtöl með geranda eða sakborningi af forvarnarteymi, óháð sakamálarannsókn.

C8 Hagsmunagæsla aldraðra þegar grunur er um að þeir séu beittir ofbeldi

Skipaður verði starfshópur sem kortleggi tiltæk úrræði þar sem grunur leikur á að aldrað fólk hafi verið beitt ofbeldi og komi með tillögur að úrbótum. Úrræðin verði ætluð öldruðum og þeim sem stöðu sinnar vegna, eða vegna tengsla eða starfa, verða varir við ofbeldi gegn öldruðum einstaklingi, svo sem líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða fjárhagslegt ofbeldi.

Markmið: Að viðbrögð við ofbeldi gegn öldruðum verði skilvirkari.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisráðuneytið, Landssamband eldri borgara, lögregluembættin, embætti landlæknis, heilsugæslan, félagsþjónusta sveitarfélaga, Öldrunarfræðafélag Íslands, sérfræðingar í öldrunarþjónustu og háskólasamfélagið.

Mælikvarði: Starfshópur skili skýrslu með tillögum í júní 2020.

Staða: Í stað þess að skipa sérstakan starfshóp var greiningardeild ríkislögreglustjóra falið að vinna skýrslu um ofbeldi gegn eldra fólk. Skýrslan *Ofbeldi gegn öldruðum á Íslandi* kom út á árinu 2021 en markmið hennar var að varpa ljósi á ofbeldi gegn eldra fólk á Íslandi í þeim tilgangi að greiða fyrir stefnumörkun í málaflökknum. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um það hvernig bæta megi verklagsreglur og viðbrögð við ofbeldi gegn eldra fólk meðal þeirra starfsstétta sem koma að þjónustu við eldra fólk svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, lögreglu o.fl. Leitast verður eftir því að skýrslan verði höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu sem framundan er þegar kemur að heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.

C9 Mat á þörf fyrir kvennaathvörf á landsbyggðinni

Myndaður verði starfshópur sem kortleggi og meti þörf fyrir úrræði á borð við kvennaathvarf á landsbyggðinni. Þetta verði gert með áherslu á aðgang óháð búsetu.

Markmið: Að ganga úr skugga um hvort fýsilegt sé að bjóða upp á kvennaathvörf víðar á landsbyggðinni.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samtök um kvennaathvarf, Bjarkarhlíð, þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi, frjáls félagasamtök, sveitarfélög og lögregluembætti.

Mælikvarði: Starfshópur skili skýrslu í júní 2020.

Staða: Félagsmálaráðuneytið, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, og dómismálaráðuneytið veittu styrk til Samtaka um kvennaathvarf til stuðnings við að koma á laggirnar neyðarathvarfi fyrir konur og börn á Akureyri. Styrkurinn var liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins. Um var að ræða tilraunaverkefni til eins árs en að ári liðnu var ákveðið að halda áfram starfsemi athvarfsins um óákveðinn tíma en verkefnið er unnið í nánú samstarfi við lykilaðila á svæðinu á þessu sviði.

C10 Samræmd velferðarþjónusta fyrir þolendur mansals fest í sessi

Framkvæmdateymi um einstök mansalsmál, sem félagsmálaráðuneytið hefur haft umsjón með, fái aðstöðu í Bjarkarhlíð. Velferðarþjónusta við þolendur mansals og meinta þolendur verði formgerð og samræmd í því skyni að tryggja nauðsynlega velferðarþjónustu svo fljótt sem auðið er, þ.m.t. öruggt húsnæði, framfærslu, félagslega ráðgjöf og heilbrigðisþjónustu í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi og bókun við þann samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, svokallaða Palermo-bókun. Bjarkarhlíð verði falin umsjón með verkefninu og þar verði tekið á móti þolendum sem þess óska og þjónustuaðilum veitt ráðgjöf.

Markmið: Að tryggja þolendum mansals nauðsynlega velferðarþjónustu.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisráðuneytið, Bjarkarhlíð, þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi, sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir, lögregluembætti, Útlendingastofnun, stéttarfélög, dómismálaráðuneytið og Samtök um kvennaathvarf.

Mælikvarði: Bjarkarhlíð taki við verkefninu eigi síðar en árið 2020.

Staða: Árið 2020 tók Bjarkarhlíð við umsjá framkvæmdateymis um mansalsmál, sem áður hafði verið leitt af félagsmálaráðuneytinu. Um tilraunaverkefni er að ræða sem stendur til 1. mars 2023. Útlit er fyrir að Bjarkarhlíð haldi ekki áfram með verkefnið og skoðar ráðuneytið nú hvernig brugðist verður við því.

Þá hefur verið farið í markvissa vitundarvakningu um mansal í samstarfi við Neyðarlínuna og fleiri hlutaðeigandi aðila. Inn í vef 112.is er nú að finna mikið fræðsluefni um mansal, birtingarmyndir og upplýsingar um úrræði. Þá hefur Neyðarlínan þróað sérstaka verkferla vegna mansalstilkynninga.

C11 Leiðbeinandi reglur um velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals

Samdar verði leiðbeinandi reglur um velferðarþjónustu við þolendur mansals fyrir sveitarfélög, heilbrigðisþjónustu, stéttarfélög og eftir atvikum fleiri. Reglurnar fjalli um verklag við velferðarþjónustu við

þolendur og meinta þolendur mansals, um samstarf milli hlutaðeigandi stjórnvalda og stuðning og ráðgjöf til þolenda.

Markmið: Að samþætta og styrkja velferðarþjónustu við þolendur mansals.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisstofnanir, Útlendingastofnun, lögregluembættin, Bjarkarhlíð, sveitarfélög og stéttarfélög.

Mælikvarði: Leiðbeinandi reglur verði tilbúnar í júní 2020.

Staða: Aðgerðin er í undirbúningi.

C12 Árlegur landssamráðsfundur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Árlega verði haldinn landssamráðsfundur með fulltrúum opinberra stofnana og frjálsra félagasamtaka og öðrum viðeigandi aðilum. Á landssamráðsfundinum verði meðal annars rætt um stöðu svæðisbundins samstarfs um aðgerðir gegn ofbeldi, mál sem eru efst á baugi hverju sinni eða sérstakt málefni tekið fyrir, eftir því sem við á.

Markmið: Að viðhalda vitundarvakningu um ofbeldi og stuðla að auknu samstarfi milli stofnana, frjálsra félagasamtaka og annarra sem láta sig ofbeldismál varða, hvort sem er á sviði vakningar, viðbragða eða valdeflingar.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mælikvarði: Að fyrsti landssamráðsfundurinn verði haldinn haustið 2019.

Staða: Ríkislögreglustjóra var falin framkvæmd verkefnisins. Fyrsti landssamráðfundurinn um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fór fram 9. nóvember 2022. Meginþemu fundarins voru: Ofbeldi meðal barna og ungmenna og þverfaglegt samráð gegn heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og kynbundnu ofbeldi.

Þátttaka var góð en um 350 einstaklingar mættu á staðfund á Grand Hótel í Reykjavík, í Háskólann á Akureyri og í Björgunarmiðstöðina á Selfossi til þess að ræða saman um aðgerðir gegn ofbeldi í samfélaginu. Þá fylgdust yfir 3000 manns með fundinum í gegnum streymi. Auk þess fóru fram vinnustofur á hverju svæði og verða niðurstöður nýttar í núverandi og fyrirhugaða vinnu við gerð nýrra aðgerðaáætlana stjórnvalda gegn ofbeldi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, hélt opunarávarp þar sem hann sagði frá því helsta sem er á döfinni á þessu sviði bæði á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og í samstarfi við önnur ráðuneyti. Þá tilkynnti ráðherra að stefnt væri á að hefja vinnu við nýja aðgerðaáætlun gegn ofbeldi vorið 2023.

Erindi:

- Afbrotavarnir meðal barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri.

- Er ofbeldi meðal barna og ungmenna á Íslandi að aukast?

Rannveig Þórisdóttir, afbrotafræðingur og sviðsstjóri þjónustusviðs ríkislögreglustjóra.

- Samfélagsmiðlanotkun og ofbeldi barna og ungmenna.

Skúli Bragi Geirdal, verkefnisstjóri miðlalæsis hjá Fjölmiðlanefnd.

- Hinseginleikinn og hatursofbeldi.

Tóttla I. Sæmundsdóttir, fræðslustýra Samtakanna '78.

- Ofbeldisforvarnir í skólum.

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- Þjálfun gegn kynferðisofbeldi.

Jana María Guðmundsdóttir, fræðslu- og kynningarstjóri Neyðarlínunnar.

Benedikta Sörensen, stofnandi Ofbeldisvarnarskólans.

- Mikilvægi þverfaglegri samvinnu gegn ofbeldi.

Marlene Schiappa, fv. ráðherra Frakklands með ábyrgð á kynjajafnrétti, fjölbreytni og jöfn tækifæri.

- Áfallamiðuð nálgun er lykilinn.

Sigrún Sigurðardóttir, dósent við Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.

- „Þau voru alltaf sofandi“: Mýtur um börn og heimilisofbeldi.

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og barnastýra Samtaka um kvennaathvarf.

- Þróun þjónustu vegna ofbeldis fyrir þolendur og gerendur á Norðurlandi.

Agnes Björk Blöndal, saksóknarafulltrúi og fulltrúi í framkvæmdastjórn Bjarmahlíðar hjá lögreglunni á Norðausturlandi.

- Hvernig stoppum við ofbeldishegðun?

Andrés Proppé Ragnarsson, sálfræðingur Heimilisfriði.

Í vinnustofum sem fóru fram á Grand hóteli, í Háskólanum á Akureyri og í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi svöruðu þátttakendur eftirfarandi spurningum:

- Hvað getur hindrað okkur í að lágmarka ofbeldi í samfélaginu?
- Ef við mættum ráða, hvernig myndum við draga úr ofbeldi í samfélaginu?

Þá fóru fram þrjár pallborðsumræður yfir daginn þar sem ræddar voru niðurstöður úr erindum dagsins og önnur mál. Að mati skipuleggjenda tókst fundurinn vel og skapaðist mikil samstaða um þessi mál og mikill áhugi og vilji til þess að vinna betur saman gegn ofbeldi í samfélaginu.

C13 Eftirfylgni með aðgerðaáætlun þessari

Ráðuneytin sem eiga aðild að þessari aðgerðaáætlun beri ábyrgð á framkvæmd hennar. Ráðinn verði verkefnisstjóri og eftirfylgni tryggð í samstarfi ráðuneytanna. Verkefnisstjóri leiði einnig vinnu miðstöðvar um ofbeldi gegn börnum, sbr. aðgerð A.11, í þeim tilgangi að skapa nauðsynlegan samstarfsvettvang þarna á milli.

Markmið: Að fylgja eftir aðgerðaáætluninni með tilliti til tímaramma og kostnaðaráætlunar.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mælikvarði: Að aðgerðaáætlunin verði komin til framkvæmda í árslok 2022.

Staða: Ekki var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri til þess að fylgja aðgerðaáætluninni eftir en sérfræðingur í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu hefur fylgst með framgangi verkefna hjá ábyrgðaraðilum. Sérfræðingurinn vann einnig náið með Covid-19 aðgerðateyminu gegn ofbeldi, sem falið var að horfa til þessarar þingsályktunar við undirbúning aðgerða, og fylgir eftir öllum þeim verkefnum sem hrint var í framkvæmt yfir starfstíma aðgerðateymisins.

C14 Endurskoðun aðgerðaáætlunar þessarar

Aðgerðaáætlun þessi verði endurskoðuð. Ráðuneytin hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila og sérfræðinga í málaflokknum, þar á meðal á árlegum landssamráðsfundi, sbr. aðgerð C.12. Ný aðgerðaáætlun verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2022. Ráðuneytin sem eiga aðild að þessari aðgerðaáætlun beri ábyrgð á endurskoðun hennar í samstarfi við opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök, fræðasamfélagið og aðra viðeigandi aðila.

Markmið: Að leggja fram endurskoðaða aðgerðaáætlun fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2022.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mælikvarði: Að endurskoðuð aðgerðaáætlun taki gildi í byrjun árs 2023.

Staða: Endurskoðuð áætlun liggur ekki fyrir en að mati félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins er mikilvægt að taka mið af stöðu þessarar aðgerðaáætlunar og framvindu ýmissa annarra verkefna sem nú er unnið að á vegum stjórnvalda á þessu sviði áður en hafist verður handa við gerð nýrrar áætlunar. Má þar nefna eftirfarandi verkefni:

- Félags og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að taka til skoðunar hvernig háttá megi laga- og reglugerðarumhverfi þjónustu vegna ofbeldis, einkum í samræmi við ákvæði samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samningur) sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað og fullgilt. Starfshópnum er falið að skila tillögum til ráðherra vorið 2023.
- Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að greina efni samþykktar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, og leggja mat á hvort og þá hvaða breytingar á löggjöf fullgilding umræddrar samþykktar hefur í för með sér hér á landi. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum vorið 2023.

- Í samvinnu dómsmálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis er nú unnið að greiningu á núverandi stöðu þolendamiðstöðva sem starfa eftir „Family Justice Center“ módelinu (þar sem markmiðið er að þolendum ofbeldis sé veitt öll sú þjónusta sem á þarf að halda á einum stað) með tillögum um framtíðarfyrirkomulag varðandi aðkomu ráðuneytanna þriggja, sveitarfélaga, mögulegra annarra ráðuneyta og frjálsra félagasamtaka að rekstri þeirra. Gert er ráð fyrir að niðurstöður greiningarinnar liggi fyrir um áramót.
- Gerð landsáætlunar um innleiðingu Ístanbúl-samningsins um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Skipaður hefur verið starfshópur um innleiðingu landsáætlunarinnar, undir formennsku dómsmálaráðuneytisins, með þátttöku fleiri ráðuneyta.
- Eftirfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025. Í aðgerðaáætlun er lögð megináhersla á að efla aldursmiðaða kennslu og forvarnir í leik-, grunn- og framhaldsskólum, í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
- Skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í átaksverkefni UN Women „Kynslóð jafnréttis“. Íslensk stjórnvöld veita aðgerðabandalagi um kynbundið ofbeldi forystu og hafa unnið að megináherslum þess og mótun skuldbindinga um aðgerðir og verkefni til ársins 2026. Skuldbindingarnar eiga hvort tveggja við um aðgerðir sem hafa að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni og ofbeldi hér á landi sem og verkefni sem unnin verða fyrir tilstilli alþjóðasamstarfs og í þróunarsamvinnu.

Þann 9. nóvember sl. fór auk þess fram fyrsti landssamráðsfundurinn um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sem haldinn var á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og ríkislögreglustjóra, en hann varpaði ljósi á brýn viðfangsefni á þessu sviði sem líta þarf til við undirbúning nýrrar aðgerðaáætlunar.

3. Næstu skref

Á fundi ríkisstjórnar í desember 2022 var eftirfarandi tillaga félags- og vinnumarkaðsráðherra samþykkt:

Mikilvægt er að halda áfram með vinnu við þau verkefni sem eftir standa í núgildandi þingsályktun um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, meta framvindu ofangreindra verkefna og tillögur starfshópa. Í kjölfarið verði vorið 2023 skipaður starfshópur sem falið verði að vinna að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar sem lögð verði fram á Alþingi í formi þingsályktunartillögu vorið 2024. Í starfshópnum sitji fulltrúar þeirra ráðuneyta sem unnu núgildandi áætlun. Vinnan verði undir forystu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Við undirbúning aðgerða mun starfshópurinn auk þess eiga í víðtæku samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga í málaflokknum. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið telur afar mikilvægt að nýrri aðgerðaáætlun fylgi auknar fjárheimildir svo tryggja megi aðgerðunum öruggan framgang.

